



Fréttabréf Brekkuskóla

1. mars 2013
5. tbl. skólaárið 2012-2013
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Í febrúar höfum við haft í mörgu að snúast. Við tókum á móti mörgum gestum, fórum í myndatöku og tókum þátt í Stóru upplestrarkeppninni svo eitthvað sé nefnt. Inn á milli tókum við okkur hlé og fórum í kærkomið vetrarfri.

Í Stóru upplestrarkeppninni krækta Brekkuskóli sér í l. sætið þar sem Helga María Guðmundsdóttir las upp af mikilli snilli og erum við afar stolt af árangri hennar.

Áfram höldum við sem leið liggur í gegnum námsáætlanir og í leiðinni tókumst við á við vetrarfærð. Því eru Akureyringar greinilega vanir og mæta nemendur vel búnir. Sýna þarf sérstaka aðgæslu í umferðinni við slíkar aðstæður.

Þann 6. mars var fyrirhugað að fara í Hlíðarfjall, en **fresta þurfti útivistardeginum** vegna veðurs. **Fyrirhugað er að fara í Fjallið 16. apríl** í staðinn og vonum við að þá fáum við blískapurveður og að snjór verði ennþá til staðar. Páskaleyfi verður að þessu sinni í lok marsmánaðar. Það hefst að loknum skóladegi 22. mars og fyrsti kennsludagur eftir páskaleyfi verður þriðjudagurinn 2. apríl.

Ákveðið hefur verið að breyta leiðsagnarmati á þessari önn með þeim hætti að nýta eingöngu verkefnabækur í mentorkerfinu til undirbúnings í komandi nemendaviðtölum þar sem nemandi og umsjónarkennari ræða saman um stöðu í námi, líðan og félagslega stöðu. Á sama tíma var ákveðið að breyta heildarskipulagi leiðsagnarmatsins fyrir næsta skólaár sem mun verða kynnt nánar síðar.

Skóladagatal næsta skólaárs er þessa dagana á þrjónunum og verður lagt fyrir skólaráð og skólanefnd á næstunni. Eftir það mun það birtast á vef skólans www.brekkuskoli.is til kynningar.

Undanfarnar vikur hefur Stella deildarsjóri tekið kennara- og nemendahópa í sérstaka fræðslu um "þarfirnar" okkar og um leið ígrundun um það hvaða þarfir eru að verki við ýmsa æskilega og óæskilega hegðun sem birtist í skólasamfélaginu. Kennarar ætla í framhaldi ræða við nemendur á sömu nótum þegar fjallað er um málefni sem snerta daglegt líf í leik og starfi. Þessi fræðsla er hluti af innleiðingu Uppbyggingarstefunnar í skólastarfið.

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólustjóri

Skólamyndir



Myndirnar eru tilbúnar á netinu! - Það var ánægjulegt að fá að mynda öll þessi fallegu og skemmtilegu börn sem í skólanum eru og þakka ég kærlega fyrir mig. Skólinn hefur þegar sent út tölvupóst með slóð á myndir hvers bekkjar fyrir sig og þar er hægt að skoða myndirnar og panta. Myndirnar fást svo afhentar hjá ritara skólans 18. mars n.k. ATH. panta þarf myndirnar fyrir 10. mars.

Myndirnar afhendast þannig: hópmýnd af bekknum með nöfnum allra í str. 20x25 sm. og einstaklingsmynd, 1 stk. í str. 13x18 sm. og 2 stk. í str. 10x15 sm. Heildarverð er 3500 kr.

Allar nánari upplýsingar má finna í tölvupósti frá skólanum.

Íris Pétursdóttir ljósmyndari
Infantia ljósmyndir—iris@infantia.eu—www.infantia.eu—s. 615-5505

Working together



Dagana 23. - 27. febrúar fengum við í heimsókn til okkar 18 kennara frá 6 þjóðlöndum. Þýskalandi, Rúmeníu, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi og Tyrklandi.

Nemendur skreyttu stofur sínar með fánum og einkennum landanna, þau æfðu skemmtiatriði og gerðu kynningarmyndbönd á ensku þar sem þau meðal annars spreyttu sig á því að kenna gestunum að telja og þekkja litina á íslensku. Efnið verður notað við kennslu í þátttökulöndunum. Á sama hátt kenna nemendur hinna þátttökulandanna okkar nemendum að telja og læra að þekkja litina á þeirra tungumálum.

Gestirnir tóku þátt í kennslustundum og ræddu við nemendur og kennara. Í móttökuathöfn á sal skólans sungu nemendur lög úr söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva sem féll í góðan jarðveg gestanna. Nánari umfjöllun og myndskleið má finna í fréttum um verkefnið á vef skólans og á vefsíðu verkefnisins www.workingtogether.mono.ne

Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – Mars 2013

					1. Gúllas, kartöflumús, salat og ávextir	2.
3.	4. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	5. Lasagne, brauð, salat og ávextir	6. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósasalat og ávextir Stóra-Upplestrarkeppnin	7. Grjónagrautur, slátur, salat og ávextir	8. Heimalöguð pizza, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 9. og 10. bekk	9.
10.	11. Hakk og spaghetí, brauð, salat og ávextir	12. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	13. Lamba snitsel, kartöflur, grænar baunir, salat og ávextir	14. Björkeby fiskur, kartöflur, salat og ávextir	15. Rjómalöguð súpa, brauð, grænmeti og ávextir	16.
17.	18. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	19. Buff, kartöflumús, grænar baunir, rauðkál, salat og ávextir Brekkuvision 5.–7. bekkur	20. Ófnsteiktur fiskur, kryddhrísgrjón, salat og ávextir	21. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og ávextir	22. Skr, brauð, álegg, salat og ávextir Brekkuvision 8.–10. bekkur	23.
24.	25. Páskaleyfi	26. Páskaleyfi	27. Páskaleyfi	28. Páskaleyfi	29. Páskaleyfi	

Myndir frá Stóru - upplestrarkeppninni



Helga María Guðmundsdóttir 1. sæti



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir